

# Lög

## um breytingu á lögum um ferðagjöf, nr. 54/2020 (endurnýjun).

---

### 1. gr.

Við 5. mgr. 1. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Gildistími ferðagjafar 2021 er frá og með 1. júní til og með 30. september.

### 2. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Heildarfjárhæð stuðnings til tengdra rekstraraðila getur að hámarki numið 260 millj. kr., að meðtöldum stuðningi samkvæmt lögum þessum og lögum um viðspyrnustyrki, sem og lokunarstyrkjum fyrir lokunartímabil eftir 17. september 2020 samkvæmt lögum um fjárstuðning til minni rekstraraðila vegna heimsfaraldurs kórónuveiru og tekjufallsstyrkjum samkvæmt lögum um tekjufallsstyrki.

Sé um að ræða fyrirtæki sem metið var í rekstrarerfiðleikum 31. desember 2019, annað en lítið fyrirtæki sem ekki hefur hlotið björgunar- eða endurskipulagningaraðstoð eða verið tekið til slita eða bú þess til gjaldþrotaskipta, getur það að hámarki tekið við samanlagt 30 millj. kr. til tengdra rekstraraðila í formi ferðagjafa. Skal slík aðstoð samrýmast reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1407/2013 frá 18. desember 2013 um beitingu 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gagnvart minniháttaraðstoð eins og hún var tekin upp í EES-samninginn.

### 3. gr.

Við lögina bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Hafi ferðagjöf með gildistíma til og með 31. maí 2021 skv. 1. málsl. 5. mgr. 1. gr. ekki verið nýtt fyrir 1. júní 2021 fellur hún niður.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2021.

---

*Samþykkt á Alþingi 25. maí 2021.*